



Lagt fyrir 366. fund velferðarráðs 4. desember 2019
VEL2017020027
RÁ/ómh/at

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: *Niðurlagning herbergjasambýla – staðan í desember 2019*

Forsaga:

Á fundi velferðarráðs 18. maí 2017 var lögð fram tillaga sviðsstjóra ásamt greinargerð dags. 10. maí 2017 um að velferðarsviði verði falið að vinna áfangaskipta áætlun til næstu 10 ára um niðurlagningu herbergjasambýla í Reykjavík ásamt kostnaðarmati.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð þakkar fyrir tillögu um áfangaskipta áætlun vegna fyrirhugaðrar niðurlagningar herbergjasambýla og vel unna meðfylgjandi greinargerð. Velferðarráð leggur til að notendasamráð verði tilgreint nánar, verkáætlun unnin og sú áætlun kynnt velferðarráði hið fyrsta. Mikilvægt er að hafa í huga að um er að ræða heimili fólks og þarfir og óskir eru fjölbreyttar. Velferðarráð útrekar mikilvægi þess að vel sé staðið að notendasamráði í allri vinnunni framundan.

Verkáætlun, ásamt tilgreindu notendasamráði, dagsett 8. ágúst 2017, vegna niðurlagningar herbergjasambýla, sbr. bókun velferðarráðs þann 18. maí var lögð fram á 313. fundi velferðarráðs þann 17. ágúst 2017.

Greinargerð:

Við yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 tók Reykjavíkurborg við rekstri sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk. Áður hafði borgin tekið við rekstri íbúðakjarna og búsetuendurhæfingar fyrir 17 geðfatlaða einstaklinga¹ auk yfirtöku eins herbergjasambýlis fyrir geðfatlaða í einkarekstri. Herbergjasambýli fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir voru 16 við yfirfærslu en eru nú 11. Undanskilin eru heimilin sem styrktarfélagið Ás rekur á grundvelli samninga við Reykjavíkurborg en þau eru 6 talsins og eru með blönduðu

¹ Búsetuendurhæfingin er í formi herbergjasambýla.

búsetuformi, bæði herbergjasambýli og íbúðakjarnar. 40 einstaklingar með þroskahömlun og skyldar raskanir njóta búsetuþjónustu frá Ás, styrktarfélagi.

Nú búa 48 einstaklingar með þroskahömlun og skyldar raskanir í herbergjasambýlum á vegum velferðarsviðs. Voru 57 árið 2017.

Þá rekur velferðarsvið herbergjasambýli fyrir sex geðfatlaða einstaklinga í virkri neyslu áfengis- og/eða annarra vímuefna. Unnið er sérstaklega með breytingar þar að lútandi.

Með tilkomu nýrra laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/218 var kveðið skýrt á um niðurlagningu herbergjasambýla en í bráðabirgðaákvæði II með lögnum segir „*Fötludu fólki sem býr nú á stofnunum eða herbergjasambýlum skulu bjóðast aðrir búsetukostir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim í samræmi við 9. gr.*“ Áður hafði kveðið á um niðurlagningu herbergjasambýla í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012-2016 og einnig í gildandi framkvæmdaáætlun 2017-2021.

Í júní 2015 skilaði starfshópur á vegum velferðarsviðs skýrslu með áfangaskiptum tillögum að niðurlagningu herbergjasambýla. Á fundi velferðarráðs þann 6. október 2016 var lagt fram minnisblað um breytingar til samræmis við fyrsta áfanga skýrslunnar. Þessari vinnu var svo framhaldið með tillögu sviðsstjóra í maí 2017 um að velferðarsviði verði falið að vinna áfangaskipta áætlun til næstu 10 ára um niðurlagningu herbergjasambýla í Reykjavík.

Starfshópur skipaður fulltrúa Átaks, félags fólks með þroskahömlun, Landssamtakanna Þroskahjálpar og fulltrúum velferðarsviðs var settur á laggirnar með erindisbréfi í september 2017. Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögu að áfangaskiptri áætlun til næstu 10 ára að heppilegu húsnæði fyrir íbúa núverandi herbergjasambýla með hliðsjón af tillögum starfshóps frá 2015. Jafnframt að tryggja að notendasamráð verði haft að leiðarljósi við gerð tillagna. Áfangaskýrsla starfshópsins var kynnt á 326. fundi velferðarráðs þann 1. mars 2018 og bókaði velferðarráð eftirfarandi:

Velferðarráð þakkar fyrir áfangaskýrslu starfshóps um niðurlagningu herbergjasambýla. Starfshópnum er falið að vinna áfram með þær tillögur sem kynntar eru í skýrslunni. Velferðarráð tekur undir það sem fram kemur í áfangaskýrslunni að á sumum heimilanna hafi íbúar tengst miklum vináttuböndum enda búið saman í áratugi. Vandasamt getur verið að finna bestu mögulegu lausnina fyrir hvern og einn. Mikilvægt er að vinna að framtíðarlausnum í samráði við íbúa, aðstandendur þeirra, persónulega talsmenn, starfsfólk og hagsmunasamtök. Einnig er mikilvægt að horft sé til reynslu nágrannaþjóða af sama verkefni þannig að hægt sé að vinna að lausn þess á sem farsælastan hátt.

Frá yfirfærslu árið 2011 hafa fimm herbergjasambýli fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir verið lögð niður og íbúar þeirra flutt í íbúðakjarna með viðeigandi þjónustu. Forgangsröðunin hefur m.a. tekið mið af breyttum stuðningsþörfum íbúa með hliðsjón af hækkandi aldri. Ekki hefur annað komið fram en að almenn ánægja ríki meðal íbúanna og aðstandenda þeirra um breytt húsnæðisform.

Eftir standa 11 hefðbundin herbergjasambýli með 48 íbúum. Fimm þessara ellefu herbergjasambýla eru með laus herbergi sem ekki er hægt að úthluta í vegna ákvæða í lögum en ávallt er skoðað hvort unnt sé að hagræða í stöðugildafjölda heimilanna við

fækkun heimilismanna. Ef það reynist ekki unnt þá er stefnt að stuðningi við fatlaða íbúa í nærumhverfi sem þurfa stuðning á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir en geta búið sjálfstætt með viðeigandi stuðningi.

Lögð er rík áhersla á að vinna við niðurlagningu herbergjasambýla sé unnin í fullu samráði við þá einstaklinga sem málið snertir beint, aðstandendur þeirra, persónulega talsmenn, starfsfólk og hagsmunasamtök. Fulltrúar starfshópsins með aðkomu Átaks og Þroskahjálpar eru sammála um að gefa breytingum góðan tímaramma og umhugsun þar sem þær snerta veigamikil lífsskilyrði umræddra einstaklinga.

Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili lokaskýrslu á fyrri hluta ársins 2020.